

## Byggingalýsing - greingargerð hönnuðar - almennar skýringar:

Laufskálabyggð 9, Hrunamannahreppi, 846 Flúðum. L213314. Fastanúmer: 2316134 Staðgr.

8710-1-31020090

Um er að ræða sumarhús á einni hæð, byggt að hluta til á eldri sökkla.

Stærðir: (Mhl. 01):

Íbúð

Birt flatarmál: 133.9 m<sup>2</sup>

Skiptarúmmál: 397.0 m<sup>3</sup>

Stærð lóðar: 4220 m<sup>2</sup> Nýtingarhlutfall: 0.03 2 bifreiðastæði eru á lóð, þar af eitt með mögulegri tengingu við rafhleðslu rafbíla.

Efni og gerð:

Sökkull, gólfplata eru úr járnþentri steinsteypu. Sökkull er þegar til staðar, sem veður notaður að hluta. Hann er byggður á staurum niður á fast. Einangrun sökkla og plötu er 100 mm. plast 24 kg/m<sup>3</sup>. Burðarvirki ofan plötu er úr burðarvíð.

**Þak** er timburþak. Þak er með vatnsþéttum vatnsgufuopnum dúk, timburlektum og þar ofan á kemur báruð málmklæðning. Einangrun er 220 mm steinullareinangrun milli sperra. Neðan við einangrun er rakavörn, þolplast, þétt á samskeytum. Neðan á sperrum, undir plastfilmu, er raflagnagrind, 45x45, sem innsta klæðning festist í, sem er gífsplötur, en á böðum og votrymum kemur rakaþolin klæðning.

**Útveggir** eru gerðir úr timbri, klæddir að utan með báruðu Alu-zinki, á listagrind úr 28x45 mm listum. Utan á grind kemur 9 mm krossvíður. Einangrun útveggja er 150 mm steinull í grind. Að innan kemur rakaserra skv. byggingareglugerð, listagrind, 45x45 c600, 12.5 mm OSB plötur og innst er 13 mm gífsplötuklæðning. Músarnet komi undir klæðningu allan úthring hússins.

**Innveggir** eru úr timbri 45x95 c 600 klæddir með 2x13 mm gífsi beggja megin, einangraðir með 100 mm þilull.

**Veggir utan um votrymi** eru með vatns- og rakaþolnum, myglufríum sementsbundum plötum (eins og aquapanel plötum), með þéttikvoðu á vatnsálagsplötum, undir endanlegu yfirborðsefni, til þéttingar.

**Gluggar** eru úr ál-tré með tvöföldu einangrunargleri. Allt gler nær gólfi/jörðu en 600 mm er dryggisgler.

**Allar útihurðir** (hurðarflekar) eru 900 mm að breidd einning hurð inn úr anddyri og inn á stærra baðherbergi aðrar hurðir eru með minnst 830 x2100 mm ljósmál.

**Lagnir** eru lagðar í vegg og gólf. Upphitun er gólfhitu ísteyptur með hitaveitu frá Flúðum. Neysluvatn er rör í rör kerfi, lagt í plötu.

Stærð bréfarifu er 50x260mm, staðsett 1.0 m frá yfirborði. 2 bílastæði eru á bílaplani.

**Loftræsting** er með opnanlegum gluggum og vélrænni loftræstingu (LR) í lokuðum rýmum. Afköst: útsog eldhús: 30 l/s; útsog böð: 15 l/s; útsog þvottaherbergi: 20 l/s. Loftræsting þaks er með 2x3 stk. rör Ø 40 mm (innanmál 36 mm) í hvert sperrubíl, Lofta skal yfir sperrur/bita, minnst 30 mm sem og yfir einangrun í þaki. Lágmarksöndun er 1000 mm<sup>2</sup>/m<sup>2</sup>þakflatar, inn og út úr bili loftunarbili skv. gildandi byggingareglugerð.

**Lagnir** eru lagðar í vegg og gólf. Hús tengt við hitaveitu Flúða. Upphitun er ísteyptur gólfhitu með innsteyptum plaströrum. Kalt vatn frá vatnsveitu Flúða. Neysluvatn er rör-í-rör kerfi innsteypt í gólfplötu, allt vottað efni fyrir neysluvatn. Hitastig neysluvatns samkv. reglug. ≤ 60°C. Fráveitulagir úr PVC, lagt í grunn og þjappaða fyllingu, að rotþró. Regnvatn í svelg.

Tekið er tillit til **algildrar hönnunar** við hönnun á sumarhúsi: hurðarspjöld inn og út úr anddyri eru 900 mm ásamt hurð inn á stærra bað. Gangur er 1.4 m að breidd að stærra baði. Athafnasvæði inn á stærra baði rúmar snúningssvæði sem er 1.5 m í þvermál. Möguleiki er á 900 mm fríu svæði öðru megin við WC og minnst 200 mm hinum megin við WC. Frítt svæði við inngangshurð, að innan og utan, er yfir 1.5x1.5 m. Mesti hæðarmunur um þröskuld útidyrhurðar er innan við 25 mm, sem og á hurð úr anddyri í stofu og inn á stærra baðherbergi.

**Brunamál:** Bygging er í notkunarflokki 3 skv. byggingaregluerð, kafli 9.1.3. Í anddyri kemur viðurkennt handslökkvitæki (9 l léttvatn). Í eldhús komi eldvarnarteppi. Við val og staðsetningu á handslökkvitækjum má leita ráðgjafar hjá brunavörnum svæðisins og hafa hliðsjón af leiðbeiningum og reglum HMS. Handslökkvitæki skulu vera í samræmi við ÍST-EN3. Reykskynjarar með hljóðgjafa eru samtengdir, er koma að lágmarki í svefnherbergjum og aðalrymi.

**Hljóðvist:** Byggingahlutar, eins og milliveggir, uppfylla hljóðvistarflokk C skv. staðli ÍST 45.

**Svignun burðarvirkja:** Flokkur A skv. byggingaregluerð gr. 8.2.4 og töflu 8.01 (L/200 heildarálag og L/400 hreyfanlegt álag)

**Heitur pottur** er með læstu loki. Hæð potts minnst 400 mm frá yfirborði við pott. Pallar klæddir við.

**Sorp** er sett í gáma innan sumarhúsvæðis og fer eftir gildandi reglum sveitarfélags.

**Hreinsistöð** (rotþró) er skv. reglugerð 798/1999 og reglum Umhverfisstofnunar (leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir jan. 2004). Hreinsistöð er sameiginleg með næstu lóðum sbr. teikn.

**Frágangur á lóðarmörkum** skv. gildandi deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir tengibúnaði fyrir hleðslu rafbíla við eitt bifreiðastæði, en tvö stæði eru á lóð.

**Litaval utanhúss:** veggir í ljósum litum, þak og gluggar í gráum tón.


Teikningar ásamt eldri sökklum hafa verið yfirfarnir af burðarvirkjahönnuði.

**Hús staðsett** endanlega og hæðarsett í samráði við byggingafulltrúa.


### Annað:

Einstakir byggingahlutar skulu uppfylla eftirfarandi U-gildi:

Byggingarhluti	W/m <sup>2</sup> K	Reikn.
Útveggir	0,40 ( 150 mm steinull)	0,38
Þak	0,20 ( 220 mm þakull)	0,18
Gólf	0,30 ( 100 mm plasteinangrun.)	0,28
Gluggar (k-gler)	2,00 (Tvöfalt k-gler)	2,0
Hurðir	3,00 ( 55 mm gegnheil eik)	2,9



Afstöðumynd - mkv. 1:500



Þakplan - mkv. 1:100

## Skýringar - tákn:


→	Útgangur.	00.00	Gólfkóti á frágengið gólf.
OF	Opnanlegt fag	FG	
R	Reykskynjari.	Inntök	Inntök fyrir hitaveitu, vatnsveitu, rafmagnsveitu og síma.
LR	Loftræsting.		
HS	Handslökkvitæki.		
GN	Niðurfall.		Öll mál eru í millimetrum, nema annað sé tekið fram.
GSN	Gegnumstreymisniðurfall.		
BO	Björgunarp, stærð gefin á teikningu.		

Br. nr.	Dags.	Af.	Breyting
A			
B			
C			
D			
E			


Laufskálabyggð 9 Flúðum	Teikn nr: 101
Aðalteikningar Afstöðumynd og þakplan	Frumstærð: A2
Dags: 08-06-22	Mkv: 1:100, 1:500
Hann: GBS	
Samþ: 210277-4049	V.nr:20052
Teikn: HMO	

**TGS** TEIKNISTOFA  
GUÐJÓNS P. SIGFÚSSONAR  
AUSTURVEGI 42, 2.HÆÐ,  
800 SELFOSSI  
S: 482 2805, F: 482 3818  
NETFANG: TGS@TGS.IS







Útlit vesturhlið - mkv. 1:100



Útlit suðurhlið - mkv. 1:100



Útlit austurhlið - mkv. 1:100



Útlit norðurhlið - mkv. 1:100

Skýringar, bygg.lýsing: teikn. 101

Br. nr.	Dags.	Af.	Breyting
Ⓐ			
Ⓑ			
Ⓒ			
Ⓓ			
Ⓔ			

Laufskálabyggð 9 Flúðum	Teikn nr: <b>103</b>
----------------------------	-------------------------

Aðaltekningar Útlit	Frumstærð: <b>A2</b>
------------------------	-------------------------

Dags: 08-06-22	Mkv: 1:100	Hann: GPS
----------------	------------	-----------

Samþ: 210277-4049	V.nr:20052	Teikn: HMO
-------------------	------------	------------

**TGS** TEIKNISTOFA  
GUÐJÓNS P. SIGFÚSSONAR  
AUSTURVEGI 42, 2.HÆÐ,  
800 SELFOSSÍ  
S: 482 2805, F: 482 3818  
NETFANG: TGS@TGS.IS